



Árskýrsla æskulýðsstarfs Hestamannafélagsins Loga

2011-2012



Æskulýðsnefndin:

Sigurlína Kristinsdóttir
Sigríður Guðmundsdóttir
Líney Sigurlaug Kristinsdóttir
Helena Hermundardóttir
Helga María Jónsdóttir
Þórey Helgadóttir

Æskulýðsstarfið hjá Loga hefur í nokkur ár verið nokkuð fast í sniðum með árlegum atburðum. Það hófst að venju í október á reiðtygjaþrífum, og svo uppskeruhátíð, en það hafa orðið smá mannabreytingar í æskulýðsnefndinni. Sigurlína fór úr nefndinni á vit nýrra ævintýra í Loga, og kunnum við hinar henni bestu þakkir fyrir óeigingjarnt starf og áhuga í nefndinni. Ný og fersk kona kom í hennar stað, Þórey Helgadóttir og verður gaman að starfa með henni að málefnum æskulýðsnefndarinnar. En nú verður stiklað á stóru í störfum ársins með hressu Logakrökkunum.

Reiðtygjaþríf 4.nóvember 2012



Það voru áhugasamir krakkar sem mættu með reiðtygin í Fellskot. Foreldrar og börn hjálpuðust að við þrífum, og skaffaði Logi sápu, svamp og feiti. Að venju var snætt saman pulsar og fleira góðgæti eftir þrífum á hnökkunum sem voru orðnir skínandi hreinir. Við í nefndinni þökkum heimilisfólkinu í Fellskoti kærlega fyrir aðstöðuna og öllum sem mættu fyrir frábæran dag.

Álfareið 5.janúar 2012

Æskulýðsnefndin stóð fyrir álfareið í Reykholti fimmtudaginn 5. janúar.

Farið var frá Aratungu kl.16.30 og síðan var gengið að Friðheimum þar sem sungin voru áramótalög. Í forreið voru Álfakóngur og Álfadrottning en að þessu sinni voru það Sigríður Magnea Kjartansdóttir og Sölvi Freyr





Jónasson. Þau mættu á hestunum sínum sem voru sannalega þrúðbúnir og flottir. Í Friðheimum gæddu gestir sér á heitu kakó og kökum og síðan var spjallað og krakkarnir ærsluðust í snjónum. Þetta var skemmtileg stund og gaman að kveðja jólin saman og fagna nýju ári í góðum félagsskap.

Vetrarmót 18. febrúar , 17. mars og 14. apríl

Logi og Trausti hafa haldið í þó nokkur ár sameiginlegt vetrarmót og skipst á að halda þau, þetta eru 3 mót á hverjum vetri. Við höfum ávalt verið áhugasamar um að hvetja börn og unglinga til þátttöku. 12-14 börn og unglingar tóku þátt í mótinu að jafnaði þetta árið og er vetrarmótið ásamt firmakeppninni það mót sem flest börn og unglingar í sveitinni kjósa að keppa á, og hafa gaman af.



Uppsveitadeild æskunnar: 10.mars, 31.mars og 28. Apríl 2012



Mótaröðin var þrískipt. Fyrst var keppt í smala 10.mars í Reiðhöllinni á Flúðum og voru skráð til leiks 12 börn og 15 unglingar. Glæsilegur dagur sem tókst í alla staði vel en við í Loga getum verið ánægð með árangurinn. Tíu efstu í hverjum flokki safna svo stigum í einstaklingskeppninni og síðan keppa félögin sín á milli með samanlögðum stigum úr öllum greinum í báðum flokkum. Staðan í liðakeppninni verður svo æsispennandi eftir því sem á liður keppnina.

31.mars var keppt var í tölti barna og unglinga, þrígangi barna og fjórgangi unglinga. Hestar og knapar voru í góðu formi og keppnin var mjög jöfn

spennandi, nokkrum sinnum þurfti að skera úr um með sætaröðun dómara og hlutkesti.

28.apríl var keppt í fjórgangi, fimmgangi og fljúgandi skeiði. Stigakeppnin var mjög spennandi og munaði miklu á efstu sætum í barnaflokki en í unglingaflokki ekki alveg eins mjótt á mununum.



og úrslit

ekki var

Að lokum var veittur bikar stigahæsta félaginu í báðum flokkum eftir þessa 3 mótadaga og 6 keppnisgreinar. Það var hestamannafélagið Logi sem vann þá keppni glæsilega og verðskuldað. Glæsilegar krakkar þarna á ferð, og frábær mótaröð að baki. Allir stóðu sig frábærlega og ljóst er að þessi Uppsveitadeild Æskunnar verður árlegur viðburður héðan í frá. Æskulýðsnefndir félaganna, Smára, Loga og Trausta standa að deildinni og ber að þakka öllum sjálfbóðaliðum og þeim sem að framkvæmd mótanna kærlega fyrir, án þeirra væri þetta ekki hægt !

Kjóastaðaleikar 29. Maí 2012

Kjóastaðaleikarnir voru haldnir í annað sinn í blíðskaparveðri 29. maí 2012 í boði hjónanna Gunnars Rafns Birgissonar og Þóru Schram. Sett var upp þrautabraut og mættu sumir með eigin hesta en einnig voru hestar fengnir að láni svo að allir gætu tekið þátt. Þrautabrautin var svipuð og yfir ári síðan en skemmtu sér allir konunglega og hentaði hún fyrir allan aldur. Ákveðið var að sleppa við frekari dagskrá inni í reiðhöll og fóru allir út í sólina í fótbolta og aðra leiki. Gunnar og Þóra héldu glæsilega grillveislu og svo fengu allir þátttakendur verðlaunapening. Frábær dagur og þökkum við kærlega fyrir heimboðið.

17. júní 2012

Að venju fóru börn og ungmenni frá hestamannafélaginu fyrir skráðgöngunni á 17. júní. Þetta er hátíðleg stund og glæsileg en að þessu sinni voru það Rósa Kristín Jóhannesdóttir og Þórey Helgadóttir sem leiddu gönguna og fórst það vel úr hendi en einnig stóðu þær heiðursvörð meðan fólkið streymdi inn í íþróttahúsið.



Landsmótsundirbúningur

Þegar leið að Landsmóti bauð Logi börnum og unglingum í félaginu upp á aðstoð við undirbúning fyrir mótið. Félagið fékk Silvíu Sigurbjörnsdóttur til að kenna og fara yfir helstu reglur og önnur atriði sem hafa þarf í huga þegar keppt er í barna og unglingaflokki, og voru þetta nokkur skipti fyrir úrtökuna og svo líka fyrir þá sem unnu sér þátttökurétt á mótið.

Reiðnámskeið

Reiðnámskeið var að venju haldið hjá félaginu, sem var hið árlega vikunámskeið í júní, en kennari að þessu sinni var Sólon Morthens. Og að venju var keppt í firmakeppni eftir námskeiðið, þar sem mörg börn og unglingar taka þátt hverju sinni.

Annað



Á döfinni er svo uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar Loga, en þá verður farið yfir dagskrá vetrarins, og veittur Feykisskjöldurinn í 4.sinn, en það náðist ekki að klemma því inní dagskrána svo hægt sé að tíunda það hér í skýrslunni í ár!

Nefndin þakkar fyrir skemmtilegt ár og er stefnan að halda áfram starfi sem er hestatengt en stuðlar að samveru fjölskyldunnar, þannig að bæði börn og foreldrar hafi gagn og gaman af.

Svo minnum við á heimasíðurnar okkar <http://logakrakkar.blogspot.com/> og <http://hestamannafelagidlogi.bloggar.is/>

Æskulýðsnefnd Loga



Pollaflokkur. Ljósmyndari; Sigríður Egilsdóttir Vatnsleysu